

T I L L A G A
að starfsreglum um biskup Íslands og stiftisráð.
(Lagt fyrir 65. kirkjuþing 2023-2024).

Flutt af biskupi Íslands, Agnesi M. Sigurðardóttur og vígslubiskupnum Kristjáni Björnssyni.
Frsm. Kristján Björnsson.

Biskup Íslands

1. gr.

Ísland er eitt biskupsdæmi.

2. gr.

Biskup Íslands hefur tilsjón með allri starfsemi sem fram fer innan kirkjunnar, og í nafni kirkjunnar.

Biskup Íslands fer með yfirstjórn Þjóðkirkjunnar ásamt öðrum kirkjulegum stjórnvöldum eftir því sem mælt er fyrir í lögum og starfsreglum.

Biskup Íslands er í forsvari fyrir starfsemi og þjónustu kirkjunnar eftir því sem nánar er mælt í skipulagi Þjóðkirkjunnar.

3. gr.

Biskup Íslands hefur aðsetur í Reykjavík.

Kjör og kjörbréf biskups Íslands

4. gr.

Um biskupskjör fer samkvæmt starfsreglum kirkjuþings um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 9/2021-2022.

5. gr.

Kjörgengur til biskupsembættis er hver guðfræðikandídat sem fullnægir skilyrðum til þess að gegna prestsþjónustu í Þjóðkirkjunni.

6. gr.

Er kjörið hefur verið til embættis biskups Íslands gefur kjörstjórn út kjörbréf varðandi þjónustutíma hans samanber starfsreglur um kjör biskupa. Skal þar kveðið á um kjörtímabil biskups.

Starfssvið biskups Íslands o.fl.

7. gr.

Biskup Íslands ber ábyrgð á kennimannlegri þjónustu kirkjunnar og boðun og fer með tilsjón með kristnihaldi, kenningu kirkjunnar og allri starfsemi hennar í landinu. Hann fylgir eftir reglum er kirkjuþing setur, samþykktum kirkjuþings og markaðri stefnu þess og prestastefnu og hefur ákvörðunarvald um einstök mál, nema þau heyri undir önnur stjórnvöld þjóðkirkjunnar samkvæmt lögum eða starfsreglum kirkjunnar.

8. gr.

Biskup vígir kirkjur og setur máldaga þeirra.

Biskup vígir presta og djákna og setur þeim vígslubréf.

Heimilt er biskupi að vígja til prestsembættis og djáknaþjónustu einstaklinga sem hafa verið kallaðir til þjónustu af evangelísk-lúterskum fríkirkjusöfnuðum í landinu.

Um kirkjuaga og lausn ágreiningsmála á kirkjulegum vettvangi

9. gr.

Biskup Íslands hefur yfirumsjón með kirkjuaga innan þjóðkirkjunnar og hjá fríkirkjusöfnuðum er starfa á sama kenningargrunni og sem þegið hafa þjónustu biskups Íslands, sbr. 3. mgr.

10. gr.

Biskup beitir sér fyrir lausn ágreiningsefna sem rísa kunna á kirkjulegum vettvangi. Vegna agabrota getur hann gripið til þeirra úrræða sem lög og kirkjuhefð leyfa. Alla jafna skal ekki veita áminningu án þess að áður hafi verið veitt tiltal.

Þjónusta vígðra þjóna

11. gr.

Biskup Íslands leitast við að tryggja sóknum landsins prests- og djáknaþjónustu eftir nánara skipulagi kirkjunnar, sbr. starfsreglur um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007.

12. gr.

Biskup auglýsir lausar stöður samanber starfsreglur um val á prestum.

Ef þörf er á afleysingu eða vistaskiptum presta og djákna er biskupi heimilt að skipa þeim málum með eða án auglýsingar. Skal að jafnaði leitast við að hafa samráð við formenn

sóknarnefnda, prófast, aðra vígða þjóna sem fyrir eru í prestakallinu og/eða aðra hlutaðeigandi áður en ákvörðun er kynnt.

Stiftisráð

13. gr.

Biskup Íslands er forseti stiftisráðs og kallar ráðið saman.

Í stiftisráði sitja vígslubiskup í Skálholti, vígslubiskup á Hólum, fulltrúi tilnefndur af Guðfræðistofnun HÍ og einn til vara, fulltrúi tilnefndur af Siðfræðistofnun HÍ og einn til vara, leikmaður kjörinn á kirkjuþingi og einn til vara og fulltrúi kjörinn á prestastefnu Íslands og einn til vara. Varamaður vígslubiskups er sá prófastur úr umdæminu sem hann kýs. Sá vígslubiskup sem eldri er að biskupsvígslu er varaforseti stiftisráðs.

Tilnefning og kjör til stiftisráðs gildir til fjögurra ára í senn.

14. gr.

Stiftisráð skal fjalla um mál sem biskup Íslands og önnur kirkjuleg stjórnvöld vísa til hennar um

- a) kenningargrundvöll evangelísk-lútherskrar kirkju, játningar og boðun,
- b) embætti evangelísk lútherskrar kirkju,
- c) handbók kirkjunnar, helgihald og trúarlíf,
- d) samkirkjuleg málefni.

Stiftisráð ber, með biskupi Íslands, kennimannlega ábyrgð kirkjunnar á sviði kristinnar trúar, játninga, kenningar og boðunar evangelísk-lútherskrar kirkju.

Stiftisráð skal vera biskupi og öðrum kirkjulegum stjórnvöldum til ráðgjafar um mál er varðar kenningu og játningargrundvöll íslensku þjóðkirkjunnar.

15. gr.

Með biskupi Íslands ber stiftisráð ábyrgð á þjónustu og framgöngu vígðra þjóna og starfsfólks hvar sem er í starfi fyrir þjóðkirkjuna, í sóknum, prestaköllum, prófastsdæmum og stofnunum hennar.

16. gr.

Stiftisráð fjallar um málefni sem starfsreglur, ályktanir og samþykktir kveða á um varðandi trú og kenningu kirkjunnar, helgisiði og helgihald.

Stiftisráð býr mál er varða trú, kenningu, helgisiði og helgihald í hendur kirkjuþings.

17. gr.

Stiftisráð mótastefnu í þjónustu kirkjunnar í héraði og leggur þau mál fram á kirkjuþingi er varðar breytingar á skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma.

18. gr.

Biskupi Íslands er heimilt að leggja fyrir stiftisráð þau mál sem undir biskup heyra og teljast á ábyrgð biskups, sbr. 9. - 11. gr. í starfsreglum þessum.

19. gr.

Stiftisráð ber ábyrgð á samræmi við framkvæmd vísitasíu biskups Íslands, vígslubiskupa og prófaste.

20. gr.

Starfsreglur þessar eru settar með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, og öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma falla úr gildi starfsreglur um biskupafund nr. 34/2022-2023 og starfsreglur um ráðgjafarnefnd um kenningarleg málefni nr. 32/2022-2023.

Greinagerð

Með þessum tillögum að starfsreglum um biskup Íslands og stiftisráð er leitast við að skýra hlutverk og stöðu biskups og biskupsþjónustu í landinu sem er eitt stifti, eitt biskupsdæmi. Um leið er lagt til að stuðningur við embætti biskups Íslands verði í formi ráðs er taki við hlutverkum biskupafundar og kenningarnefndar. Álitamál er hvaða heiti ætti að velja á slík ráð en í Þýskalandi eru þau næst íslenska orðinu kirkjuráð. Stiftisráð er nánast tekið uppúr norrænni fyrirmynd og gæti virst óíslenkt við fyrstu sýn. Í því er þó lögð áhersla á að landið er eitt biskupsstifti með tveimur umdæmum vígslubiskupa og níu prófastsdæmum. Orðið kirkjuráð er nýlega aflagt í sínu samhengi og gæti það valdið vandræðum er það sama orð er notað um nýtt hlutverk þótt kirkjuráð sé bæði gamalgróið, alþjóðlegt og mjög lýsandi.

Með ráðinu er leitast við að tryggja betur þá samfellu sem þarf að vera í þjónustunni í ljósi kirkjulegrar hefðar. Unnið er út frá því að Þjóðkirkjan er hluti af Porvoo samfélaginu og að þar er fjallað mjög ítarlega um stöðu, hlutverk og köllun til biskupsþjónustu. Byggt er að á þeirri röklegu og skynsamlegu stöðu sem þar er nánar greint frá og Þjóðkirkjan hefur samþykkt. Í þeim efnum er litið sérstaklega til systurkirkna okkar á Norðurlöndum sem einnig eru aðilar að Porvoo. Rétt er að benda á að ekki er hægt að samþykkja breytingar í grundvallar atriðum á stöðu biskupa án þess að það verði tekið upp á fundum Porvoo samþykktarinnar, s.s. að takmarka starfstíma nema með tilliti til eftirlaunaaldurs.

Leitast er við að hafa tillögurnar þannig úr garði gerðar að það komi skýrt fram hvernig biskup þarf að hafa yfirsýn yfir allt sem fram fer í kirkjunni sem æðsti yfirmaður hennar. Með

því að skilgreina hér hlutverk og helstu viðfangsefni og valdsvið, heimildir og ákvarðanir, sem biskupi heyrir, er um leið verið að afmarka þau mál eða svið sem hann er beinn aðili að varðandi stjórnarsýslulega ákvarðanatöku. Allt sem gert er í kirkjunni kemur biskupi við en um leið er langt frá því að honum sé ætlað að taka ákvarðanir um annað en það sem hér er sérstaklega lagt til og talið verður upp í starfsreglunum.

Eitt helsta markmið með tillögum þessum er að skýra stöðu og hlutverk út frá kennimannlegri og guðfræðilegri stöðu biskupsþjónustunnar. Er það gert í ljósi þess að ef óvissa ríkir um embætti biskups Íslands skapar það óvissu í allri kirkjunni og allri þjónustu hennar og boðun.

Orðið tilsjón er notað hér í þeirri merkingu sem heitið biskup merkir. Það er myndað af episcopus og merkir yfirsýn eða tilsjón. Það er kennivaldslegt orð og heiti sem er þá um leið helsta einkenni þessarar þjónustu. Án tilsjónar er stofnun varla kirkja. Tilsjónin lýtur fyrst og fremst að hinu eiginlega hlutverki og köllun kirkjunnar í heiminum út frá því sem felst í fagnaðarerindinu. Í tilsjón felst að biskup gerir jafnan grein fyrir því ef eitthvað má betur fara svo að boðun kirkjunnar verði markvissari bæði í orði og góðu verki. Með tilsjón er einnig fólgið það agavald sem biskup þarf að hafa líkt og táknað er með hirðisstafrum. Það er um leið forsenda fyrir einingu kirkjunnar að biskup sinnir tilsjón og hefur yfirsýn yfir það sem fram fer í öllu kirkjulegu starfi.

Næstliðin misseri hafa leitt af sér mjög miklar breytingar á innra og ytra skipulagi kirkjunnar og byggir það að mestu á þeim viðbótarsamningi sem gerður var við íslenska ríkið 2019 og nýrri rammalöggjöf um Þjóðkirkjuna nr. 77/2021. Fyrir þann tíma hafði verið unnið að tillögum að starfsreglum um biskup Íslands en þá var skipulag kirkjunnar ólíkt. Var það bæði vegna þáverandi þéttra tengsla við ríkisvaldið en einnig vegna þess hvernig lög um stöðu, stjórn og starfshætti nr. 78/1997 mæltu fyrir um stöðu biskups Íslands.

Tillögum þessum er ætlað að skýra stöðu biskups Íslands innan kirkjunnar og sem æðsta embættismanns Þjóðkirkjunnar, eða sem prestur prestanna eða þjónn þjónanna. Markmið tillögunnar er að staða biskups innávið í kirkjunni og útávið í samfélaginu verði skýrari. Annað aðal markmið með tillögunni er að þjónustu biskups Íslands verði búin umgjörð sem ætla má að skýri verksvið biskups á þann hátt að biskup hafi nauðsynlegt ráð til þeirra verkefna sem honum er ætlað. Án skýrari umgjörðar um embættið er viðbúið að einstaklingurinn sem til þess hefur verið valinn geti annað tveggja einangrast í embætti sínu og orðið harla áhrifalítill eða hann verður einráður vegna skorts á skipulagi kennimannlegrar þjónustu. Náíð fastmótað samráð er mikil nauðsyn svo hægt verði að veita faglega þjónustu á öllum þeim sviðum sem biskup hefur áhrif á, tryggja faglega umgjörð um tilsjónarhlutverkið og auka einingu innan kirkjunnar. Mikilvægt er að skapa slíka umgjörð í starfsreglum þar sem þær skýra skipulag kirkjunnar með öðrum samþykktum kirkjuþings.

Lagt er til að stofnað verði til stiftisráðs er taki að mestu við þeim hlutverkum sem biskupafundur hefur haft frá 1997. Einnig er lagt til að hlutverk sem ráðgefandi nefnd um

kenningarleg málefni hefur haft falli hér undir hlutverk stiftisráðs. Um kenningarleg efni skal einnig vísað til prestastefnu Íslands en það er almennt ráð sem biskup Íslands hefur á hendi að kalla saman og stýra. Um leið og bætt verður úr brýnni þörf á starfsreglum um biskup Íslands er lagt til að kirkjuþing efli þá ráðgjöf og samráð sem biskup þarf að hafa til að ná fram markmiðum þeim sem felast yfirleitt í þjónustu biskups í kirkju.

Er ekki annað hægt en líta til þróunar og breytinga sem orðið hafa hjá systurkirkjum okkar í Noregi og Svíþjóð en báðar hafa stigið skrefið til fulls í aðgreiningar kirkjunnar frá ríkisvaldinu, í Svíþjóð árið 2000 og Noregi 2017.

Á þessu stigi breytinganna hér heima á Íslandi er einnig mjög mikil þörf á því að skoða fræðilegar kenningar og úttæktir á skipulagi kirkjunnar sem slíkrar og því hlutverki sem kallast kennivald eða kennimannleg þjónusta kirkjunnar. Greinagerð er ekki ætlað að birta slíka úttekt en í þessari greinagerð er engu að síður gerð grein fyrir fáeinum dæmum úr fræðilegum greinum um þróun á skipulagi kirkju, hlutverki vígðrar þjónustu og hvernig kennivaldinu verður stýrt. Settur er eðlilegur fyrirvari um að hér er aðeins verið að gera stuttlega grein fyrir þeim hugmyndum sem að baki tillögunni liggja og þeim hugmyndum sem ætlað er að ná fram með þessari tillögu.

Þessar tillögur byggja m.a. á doktorsritgerð eftir dr. Gunilla Ohlsson sem hún nefnir *Från ämbetsman till ämbetsbärare. Förändringar speglade i anmälningar mot präster under tre brytningstider*. Lund Studies in sociology of religion, vol. II. 2016. Heiti ritgerðarinnar eitt og sér talar mjög inni umræðuna hjá okkur um embætti vígðra þjóna eftir að prestar og biskupar hættu að vera opinberir starfsmenn og yfir í það að bera þjónustuna uppi í eldri guðfræðilegum skilningi þess að gegna kennimannlegu embætti. Í þessari ritgerð er m.a. farið yfir og unnið út frá kenningum nokkurra helstu fræðimanna á sviði guðfræði og félagsfræði, s.s. dr. Mark Chaves prófessors við Duke háskólann í Bandaríkjunum. Gengið er út frá þeirri kenningu að kirkja sem slík hafi tvær meginstoðir í skipulagi sínu, annars vegar kennivaldslega stoð og hins vegar framkvæmasýslu. Þannig séð vinnur framkvæmasýslan að því að stofnunin nái markmiðum sínum líkt og hjá öllum stofnunum samfélagsins en kennimannlega þjónustan gætir þess að unnið sé eftir þeim guðfræðilega kjarna sem kirkjan eða trúfélagið stendur fyrir í ljósi þess játningargrundvallar sem kirkjan byggir alla sína boðun og þjónustu. Tilsjón biskups tekur til allra þátta kirkjulegrar starfsemi og tekur til starfsfólks óháð því hvernig það hefur verið kjörið til starfa eða ráðið og óháð því hvaða stofnun innan kirkjunnar annast launamál eða ráðningar. Tilsjón þessi nær einnig til fríkirkjusafnaða er starfa á sama kenningargrunni vegna heimildar biskups Íslands til að vígja presta og djákna til þjónustu við þá söfnuði líkt og kemur hér fram í tillögunni.

Í þessu sambandi er athyglisvert að einföldun og áhersla þessara kenningar byggir algjörlega á skipulaginu í sókninni, frumeiningu í þjónustu kirkjunnar. Horft er til þess að presturinn situr með sóknarnefnd en er ekki hluti af sóknarnefndinni. Þetta er svo m.a. speglað á kirkjuþinginu með því að biskup situr við sama borð og við hliðina á forseta kirkjuþings.

Hvorki biskupinn né presturinn, sem heyrir undir tilsjón hans, verður undirskipaður framkvæmdasýslu sóknarinnar eða þá kirkjunnar í heild, sem er á ábyrgð sóknarnefndarinnar í söfnuðinum og kirkjuþings í kirkjunni sem stofnun í landinu. Sóknarnefnd eða ígildi hennar hefur nánast frá fyrstu tíð verið nauðsynleg til að starfið geti gengið en hinn vígði þjónn er nauðsynleg stoð í skipulaginu til að boðunin og þjónustan sé innt af hendi í samfélaginu í samræmi við orð Krists, Ritninguna og eftirdæmi. Þjónustan skal vera til þess fallin að hún efli fólk í trú sinni og lífi og hún á að vera óaðfinnanleg. Þar er mikilvægt að líta til þess að biskup fer með tilsjónina í kirkjunni og á hún að ná til allra þátta í kirkjulegri starfsemi á öllum sviðum og stigum, stofnunum, embættum, sóknum og nefndum. Það er nánast sama viðmið og þegar guðshús hefur verið helgað og vígt. Eftir það má ekkert fara þar fram sem er andstætt trúnni á Jesú Krist heldur verður það allt að vera í samræmi við játningargrundvöll hennar, helgisíði og kenningu.

Kirkjuna má ef til vill einnig skoða, m.a. út frá kenningum þýska fræðimannsins Niklas Luhmann, er lítur að þríþættri þjónustu kirkjunnar. Almennasta hlutverk kirkjunnar er á sviði þjóðfélagsins og samfélagsins. Nærtækasta hlutverkið er í persónulegri þjónustu í sókninni og í samskiptum við fólk sem þjónað er signt og heilagt, oft á tímamótum í lífi þeirra. Þarna á milli má finna þá skipulagsheild sem við köllum gjarnan framkvæmdasýslu kirkjunnar og yfir því er kirkjuþingið. Framkvæmdavaldinu og kenningarlega valdinu er ætlað að styðja við öll svið þjónustunnar allt frá hinu almenna og til þess sértæka - þess persónulegasta. Í hinu almenna hlutverki, í opinbera rými þjóðfélagsins, er það yfirleitt höfuðbiskup sem kemur fram sem yfirmaður kirkju og er þá í daglegu forsvari fyrir kirkjuna í blíðu og stríðu. Sú þjónusta og ábyrgð biskups í norrænni þjóðkirkju nær oft á tíðum út fyrir hina sýnilegu opinberu kirkju og út til allra er byggja landið.

Á síðari áratugum og reyndar í hálfu aðra öld á Íslandi hefur kjörinn hópur sjálfboðaliða og síðar meir launaðra þingfulltrúa haft æ meira að segja um skipulag og rekstur kirkjunnar. Til sóknarnefnda er stofnað á Íslandi með lögum árið 1880 (Lög um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda, 27. febrúar 1880) til að styðja við starfsemi sóknarkirkjunnar og efla kristnihald, m.a. með kirkjusöng. Þess hefur á sama tíma verið gætt að hinni vígðu þjónustu sé tryggð sú umgjörð sem styður boðun kirkjunnar og þjónustu. Helgisíðir og kenningar kirkjunnar falla undir tilsjón biskups fyrir kirkjuna í heild, undir þá tilsjón sem biskup felur prófasti í sínu umdæmi og að lokum samkvæmt vígslubrési prestsins í þjónustu við söfnuðinn og nærsamfélagið þar sem kirkjan starfar. Enn lengra má líta til þess að kirkjan á Norðurlöndum virðist byggja áhrif og skipulag kjörinna fulltrúa á kanónískum kirkjurétti allt frá þeim tíma að kristni er boðuð og kemst á um Norðurlöndin í upphafi. Þar er unnið eftir þeirri gömlu skipan að presturinn í söfnuðinum eða í héraðinu virðist fara með ákvörðunarvald um málefni sóknarinnar í samvinnu við tvo til þrjá kjörna fulltrúa. Valdir fulltrúar eru samráðsmenn með prestinum og er án efa ætlað að tryggja góða þjónustu og helgihald og gott viðhald á kirkju safnaðarins. Þessi tvöfalda ábyrgð er því rótgróin í kirkju Norðurlanda. Ofan á það er síðan byggt með siðbót 12. aldar og eflingu biskupsvaldsins að forgöngu erkibiskupsins í

Niðarósi, Eysteins Erlendssonar og síðar Eiríks Ívarssonar. Hér á landi eru efalítið merkustu fulltrúar þeirrar siðbótar Þorlákur helgi Þórhallsson í Skálholti og Guðmundur góði Arason á Hólum. Styður þessi þróun kenningar um tveggja þátta skipulag kirkjustofnunar þótt það hafi í raun ekki fengið að þróast á lýðræðislegan hátt af alvöru fyrr en á 20. öldinni. Frá upphafi hafa þessir tveir þættir í skipulagi kirkjunnar sinnt hlutverkum sínum þótt oft og lengi hafi mörkin á milli þessara þátta verið óskýr. Kjörnir fulltrúar hafa haft veruleg áhrif á kennivaldið, m.a. með vali á biskupi og biskup hefur oft á tíðum verið um of upptekinn af framkvæmdasýslu. Síðustu merki þess voru mjög áberandi hvað varðar stöðu biskups Íslands sem forseta kirkjuráðs, einkum á tímabilinu 1997 til 2021. Hér er ekki ætlunin að skrifa í greinagerð svo mikið sem vísi að fræðilegri ritgerð um þessa þróun á Íslandi. Það mætti þó telja að tilefni væri til gagnrýnnar fræðilegrar skoðunar á þeim tímum þegar jafn miklar breytingar eru að ganga yfir í Þjóðkirkjunni á Íslandi. Slíka vinnu hefur kirkjuþing í hendi sér við meðferð þessarar tillögu.